

EFTIRLITSSKÝRSLA

Laxar fiskeldi ehf Þorlákshöfn



Dags eftirlits	3.12.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Hulda Soffía Jónasdóttir
Fyrirtæki	Laxar fiskeldi ehf	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Laxabraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	450220-1400	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Sindri Freyr Jónsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tveimur frávikum er vörðuðu umframframleiðslu á árunum 2019 og 2020 og frávikum sem varðaði hreinsun frárennslis er lokað.

Eitt nýtt frávik kom fram við eftirlitið er varðar framleiðslu ársins 2021 umfram umfangsheimildir þágildandi leyfis. Frávikinu er lokað þar sem nýtt starfsleyfi hefur tekið gildi.

Tvær ábendingar eru gerðar varðandi mælingar í frárennslis og áætlun um meðhöndlun úrgangs.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Boðuð dagskrá var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
 - o Frávik, ábendingar og úrbætur
 - o Nýtt stækkað starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
 - o Kynning á áhættumati 2020 og breytingu á flokkum 2021
- Umfang
- Skráningar og gagnaskil
- Frárennslis, hreinsun og mælingar
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Umgengni á lóðum og aðkoma.

Farið var yfir stöðu fráviks og ábendinga seinustu ára. Eldra starfsleyfi heimilaði framleiðslu allt að 500 tonn á ári. Í eftirliti 2020 voru skráð frávik vegna framleiðslunnar árin 2019 og 2020, en þar sem nýtt starfsleyfi, sem heimilar allt að 2500 tonna lífmassa á hverjum tíma, tók gildi í nóvember sl. er frávikunum lokað. Frávik var skráð 2019 vegna ákvæðis í eldra starfsleyfi sem varðaði hreinsun í frárennslis. Með nýju starfsleyfi hafa kröfurnar breyst og frávikinu er því lokað. Engar ábendingar voru gerðar í eftirliti ársins 2020 og öðrum frávikum hafði áður verið lokað.

Farið var yfir áhættumat ársins 2020 og breytingar á flokkum áhættumatsins vegna ársins 2021 kynntar sem yrðu hafðar til hlíðsónar við gerð eftirlitsáætlunar ársins 2022.

Þegar eftirlitið fór fram voru minna en 90 tonn í stöðinni. Framleiðsla ársins 2020 var samkvæmt grænu bókhaldi rekstraraðila um 790 tonn. Frávik vegna þess var skráð í eftirliti ársins 2020 þar sem framleiðslan hafði þegar farið fram úr heimildum leyfis þegar eftirlitið fór fram, en því hefur nú verið lokað þar sem breytt starfsleyfi hefur síðan tekið gildi, sbr. umfjöllun hér að ofan. Eldra starfsleyfi heimilaði framleiðslu allt að 500 tonna á ári. Á tímabilinu 1. jan- 30. október 2021 var framleiðsla stöðvarinnar um 930 tonn og því er frávik þess efnis skráð frá ákvæðum þágildandi starfsleyfis. Frávikinu er lokað þar sem nýtt starfsleyfi hefur tekið gildi.

Skráningar skulu fara fram skv. gr. 4.1 í starfsleyfi og var farið ítarlega yfir það og breytingar á skráningum frá eldra leyfi. Niðurstöður skráninga og mælinga skulu koma fram í ársyfirliti, og því skulu koma fram lífmassaaukning, framleiðsla og afföll stöðvar í ársyfirliti. Grænu bókhaldi og ársyfirliti vegna ársins 2020 var skilað fyrir 1. maí 2021. Stofnunin minnti einnig á að með gildistöku nýs starfsleyfis skal skila útstreymisbókhaldi vegna starfsstöðvar fyrirtækisins í Þorlákshöfn sbr. ákvæði reglugerðar nr. 990/2008.

Einnig var farið yfir í eftirlitinu að til staðar skyldu vera umhverfismarkmið og áætlun um meðhöndlun úrgangs. Áætlun um meðhöndlun úrgangs barst stofnuninni fyrir útgáfu starfsleyfis en stofnunin óskar eftir því að hún verði

tekin til endurskoðunar og uppfærslu, sbr. áætlanir rekstraraðila sjálfs um árlega endurskoðun. Umhverfismarkmiðin bárust stofnuninni þann 2. desember sl.

Skv. gr. 4.3 í starfsleyfi skal mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis. Mæla skal lífrænt efni, svífagnir, heildarfosfór og heildarköfnunarefni. Mæla skal heildarköfnunarefni og heildarfosfór í frárennslí hið minnsta tvisvar á ári, við hámarks- og lágmarksfóðrun, en skv. fyrra leyfi var kveðið á um mælingar á lífrænu efni og svífögnum á hið minnsta þriggja ára fresti. Frá því að gildandi starfsleyfi tók gildi og út árið 2021 var lífmassi í lágmarki, en sýni voru tekin um miðjan desember. Stofnunin bendir á að mælingar skulu hér eftir fara fram tvisvar á ár til samræmis við kröfur starfsleyfis, en þó er heimilt að óska eftir breytingum á tíðni mælinga, sbr. gr. 2.8 í starfsleyfi. Sýni mælingar að styrkur efna fari yfir mörk starfsleyfis skal gera eftirlitsaðila viðvart og tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns áður en því er veitt í viðtakann. Umhverfisstofnun getur kallað eftir viðbótarmælingum sbr. gr. 2.8 telji eftirlitsaðili þess þörf.

Verði vart við uppsöfnun mengunarefna við útrásina getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða sbr. gr. 3.5 í starfsleyfi.

Dauðfiskur fer í meltutank á staðnum en þegar eftirlitið fór fram var öll melta frá stöðinni send í urðun.

Annar úrgangur er flokkaður, stórsekkir undan fóðri fara í endurvinnslu, aðskilið í plast og striga og skilað böggðu inn til endurvinnslu. Skoða var verið hvort efnabrusar gætu farið í endurvinnslu líka.

Farið var yfir geymslu og meðhöndlun efna í eldisstöðinni. Öryggisblöð lágu fyrir og vel haldið utan um hverjir meðhöndla efni, eins og t.d. maurasýru fyrir meltu. Efnabrusar voru geymdir í lekaheldum byttum í efnageymslu.

Uppsetningu tvöfaldrá olfugeyma, sem fjallað var um í eftirliti 2020, var lokið. Búið var að setja árekstrarvarnir við nýju geymana og fjarlægja eldri geymi .

Gengið var um lóð og efnageymsla skoðuð. Framkvæmdir hafa verið á lóðinni og ummerki um það en engar athugasemdir eru gerðar við umgengni eða aðkomu.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í þágildandi starfsleyfi

Rekstraraðila var heimilt að framleiða allt að 500 tonnum af laxaseiðum í stöðinni árlega. Framleidd voru 933 tonn í stöðinni á gildistíma leyfisins á árinu 2021. Nýtt starfsleyfi sem heimilar allt að 2500 tonna lífmassa á hverjum tíma hefur tekið gildi og frávikinu er því lokað.

ÁBENDINGAR

Eftirlitsaðili bendir á að rekstraraðili skuli kynna sér breytingar á kröfum um mælingar frá eldra starfsleyfi, sbr. gr. 4.3 í starfsleyfi.

Umhverfisstofnun óskar eftir því að áætlun um meðhöndlun úrgangs, sem lá fyrir við útgáfu starfsleyfis, verði uppfærð svo hún taki til þeirra skrefa sem rekstraraðili ætlar að taka til að auka endurnýtingu lífbrjótanlegs niðurgangs í stað förgunar með urðun og áætlaðar tímasetningar þeirra skrefa.

ANNAD

Leiðbeiningar um meðhöndlun fastefnis frá landeidisstöðvum sem stofnunin gaf út á árinu 2020 voru sendar með boðun eftirlits og var rekstraraðila bent á að kynna sér þær.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.08.2022



Hulda Soffía Jónasdóttir

